

Bekkur: 5.bekkur

Námsgrein: Upplýsingatækni

Kennarar: Íris Sól og Marinó Muggur

Tíma fjöldi: 1



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn: Tölvur og spjaldtölvur.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Upplýsinga- og miðlalæsi	- Geta nýtt skólasafn til þekkingaröflunar í stýrðu námi og á eigin forsendum til gagns og ánægju. - Geta unnið með heimildir í samræmi við höfundarrétt og sett fram einfalda heimildaskrá. - Geta nýtt leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar. - Geta lagt mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttað sig á fjölbreytileika stafræns efnis.	Nemendur nota tölvur til þess að finna heimildir sem tengjast öðrum fögum Nemendur fara á bókasafn einu sinni í viku Umræður og fræðsla	Leiðsagnarmat Samþætt með öðrum fögum. Símat.
Sköpun og miðlun	- Geta nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga. - Geta nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndum og stuttmyndagerð. - Geta nýtt hugbúnað við netmiðlun. - Geta nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. - Geta nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun. - Geta nýtt hugbúnað við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum. - Geta nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu.	Nemendur nota tölvur til þess að rita verkefni sem tengjast öðrum fögum Nemendur vinna með ýmis forrit tengt verkefnum að hverju sinni. Skapandi hópverkefni	Samþætt með öðrum fögum Símat Hópverkefni

Stafræn borgaravitund	• Geta hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjátíma. • Geta gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti. • Geta gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs í stafrænu umhverfi og áttað sig á hverjum sé hagur af því að safna starfrænum upplýsingum. • Geta nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti. • Geta rætt og útskýrt að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa.	Nemendur vinna bekkjarsáttmála Umræður, myndefni, hópverkefni og fræðsla	Sambætt með öðrum fögum Símat Hópverkefni
Lausnaleit	• Geta nýtt starfrænan stuðning í námi. • Geta nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun. • Geta flokkað og vistað gögn á öruggan hátt. • Geta nýtt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og helstu jaðartæki til menntunar.	Nemendur vinna með ýmis forrit tengt verkefnum að hverju sinni. Nemendur vinna með ýmislegt gagnvirk efni í sjálfstæðri vinnu	Sambætt með öðrum fögum Símat Einstaklingsverkefni